

SVEINSPRÓF Í BIFVÉLAVIRKJUN

Starfsgreinaráð í farartækja- og flutningsgreinum tilnefnir í sveinsprófsnefndir í bílamálun, bifreiðasmíði og bifvélavirkjun.

STARFSREGLUR OG FRAM KVÆMD

Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á prófþáttalýsingu, skilgreiningu á vægi prófþátta og framkvæmd sveinsprófa.

KYNNING FYRIR PRÓFTÖKUM

Sveinsprófsnefnd heldur að jafnaði kynningu á framkvæmd og starfsreglum sveinsprófa tveimur vikum fyrir próf. Þar fá væntanlegir próftakar allar þær upplýsingar sem þeir þurfa og geta þá lagt fyrir spurningar um þau atriði sem eru óljós. Próftaki hefur 10 klukkustundir til að taka bæði skriflega og verklega prófið. Sjá nánari lýsingu hér að neðan. Sveinsprófstaki fær einnig upplýsingar í svarbréfi um fyrirkomulag prófsins.

PRÓFSTAÐUR

Verklegi og skriflegi hluti sveinsprófs í bifvélavirkjun fer fram eftir atvikum í viðeigandi húsnæði. Sveinsprófstaki fær nánari upplýsingar eigi síðar en þrem vikum fyrir próf

AÐSTAÐA

Til að leysa verkefni í sveinsprófi í bifvélavirkjun þarf nemi að hafa aðgang að viðeigandi verkfærum, tækniupplýsingum og búnaði samkvæmt fyrirmælum hverju sinni. Próftakar skulu taka með sér til prófs skriffæri, hlífðarfatnað og öryggisskó. Sveinsprófsnefnd hafi tekið út aðstöðu og metið að prófaðstaðan sé fullnægjandi. ÍÐAN fræðslusetur og forsvarsmenn staðar þar sem prófið fer fram hafa gert með sér samkomulag um afnot sveinsprófsnefnda af húsnæði fyrir sveinsprófin.

Sveinsprófsnefndarmenn eru þeir einu sem hafa heimild til að vera viðstaddir í prófi nema annað sé ákveðið fyrir fram og ber þá að upplýsa próftaka sérstaklega.

PRÓFÞÆTTIR OG VÆGI

Sveinsprófsnefnd gerir prófþáttalýsingu fyrir hvert sveinspróf þar sem fram kemur hvaða viðfangsefni eru tekin til prófs og sundurliðaðar kröfur annars vegar um þekkingu og hins vegar getu próftaka í að leysa viðfangsefni sveinsprófsins. Sveinsprófsnefndin setur sér sömuleiðis vinnureglur um framkvæmd sveinsprófs innan þeirra marka sem kemur fram í þessari handbók og reglugerð um

sveinspróf í löggiltum iðngreinum. Sveinspróf í bifvélavirkjun samanstendur af verklegu prófi og skriflegum úrlausnum.

Hver próftaki fær úthlutað fjórum prófverkefnum, verkefnin hafa mismunandi vægi. Nánar útskýrt hér að neðan í kaflanum verklegt próf.

Burtfararpróf úr skóla er einnig metið sem sveinsprófsverkefni og er það samkvæmt Lotu BHR-80/901 og skal viðkomandi próftaki framvísa því áður sem hluta af grunnskilyrðum til próftöku.

Próftaki verður að ná einkunninni 5,0 úr hverjum hluta.

VERKLEGT PRÓF

Prófið hefst á fyrir fram ákveðnum tíma sem hefur verið kynntur próftökum með fyrirvara og stendur prófið yfir tiltekinn fjölda klukkustunda samkvæmt verkefnalýsingu. Við val á spurningum er leitast við að hafa sem mesta breidd í efnisvali og að þær endurspegli markmið og tilgang námsins. Vægi þátta skal vera jafnt.

Gert er ráð fyrir hæfilegu hádegishléi alla dagana. Próftakar fá hádegismat á staðnum og eiga ekki að yfirgefa próftökustað. Önnur hlé á meðan prófið stendur yfir eru samkvæmt ákvörðun prófnefndar.

Próftaki skilar verkefni sínu þannig að það uppfylli skilyrði sem kynnt hafa verið hverju sinni.

Verklega prófið skiptist í eftirfarandi verkþætti sem eru eftir atvikum prófaðir með verklegri úrlausn, lýsingu á viðfangsefninu eða með skriflegri niðurstöðu.

Próftakar eru prófaðir í fjórum prófþáttum af fimm:

Profþættir			Vægi	Annað
1	Rafmagnsteikningar	140 mín.	30%	
	Rafmagnsteikningar, notkun og skilningur. Teikna upp rafkerfi samkvæmt DIN staðli.			
	Notkun og skilningur rafmagnsteikninga, sýna virkni rafrása.			
	Spurningar			
2	Vélar	140 mín.	30%	
	Vinna við vélar, t.d. setja saman vélar eða skipta um tímabúnað, nota viðeigandi upplýsingar úr viðgerðabók við verkið. Meta ástand og útskýra virkni íhluta.			
	Spurningar			
3	Bilanaleit í rafbúnaði	140 mín.	30%	
	Bilanaleit í rafbúnaði, nota viðeigandi mælibúnað og skrá verklýsingu.			
	Spurningar			
4	Aflrás	80 mín.	20%	
	Meta ástand íhluta girkassa og setja saman girkassa eða setja saman og stilla drif samkvæmt viðgerðarupplýsingum			
	Spurningar			

5	Viðhaldsþjónusta/bilanagreining	80 mín.	20%	
	Próftaki fær amk. eitt af eftirfarandi verkefnum: <ul style="list-style-type: none"> • Mælingar og mat á hleðslukerfi • Framkvæma viðhaldsþjónustu. • Meta ástand hemla • Spurningar fylgja hverju verkefni 			

Próftaka ber að sýna snyrtimennsku og hreinlæti í umgengni og hann verður að ganga frá verkfærum og efni í lok dags. Persónulegt hreinlæti og snyrtimennska skal vera til fyrirmyndar.

EINKUNNAGJÖF

Einkunn 10 vísar til þess að	95% - 100% markmiða var náð
Einkunn 9 vísar til þess að	85% - 94% markmiða var náð
Einkunn 8 vísar til þess að	75% - 84% markmiða var náð
Einkunn 7 vísar til þess að	65% - 74% markmiða var náð
Einkunn 6 vísar til þess að	55% - 64% markmiða var náð
Einkunn 5 vísar til þess að	45% - 54% markmiða var náð
Einkunn 4 vísar til þess að	35% - 44% markmiða var náð
Einkunn 3 vísar til þess að	25% - 34% markmiða var náð
Einkunn 2 vísar til þess að	15% - 24% markmiða var náð
Einkunn 1 vísar til þess að	0% - 14% markmiða var náð

SKIL Á EINKUNNUM OG PRÓFSÝNING

Formenn sveinsprófsnefnda skila einkunnum á sveinsprófi til IÐUNNAR ekki seinna en fjórtán dögum eftir að sveinsprófi lýkur. Próftakar fá niðurstöður sveinsprófa, sveinsbréfabókina, afhenta eigi síðar en fjórum vikum eftir að prófið hefur verið haldið. *Ekki verða veittar upplýsingar um gengi próftaka í prófinu í síma, munnlega eða eftir öðrum leiðum fyrir þann tíma.*

Prófsýning í verklegum þætti sveinsprófs í bifvélavirkjun fer fram að loknu sveinsprófi. Sveinsprófsnefnd tilkynnir próftaka að loknu prófi hvort hann hafi staðist prófið eða ekki. Próftaki getur óskað eftir útskýringum á mati sveinsprófsnefndar. Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á að sveinsprófsverkefni sé varðveitt með ákveðnum hætti, s.s. eins og með mynd eða öðrum sannanlegum hætti. Öðrum skriflegum úrlausnum skal eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd ábyrg fyrir þeirri framkvæmd.

ALMENNAR REGLUR

- Próftaki skal mæta til prófs á réttum tíma. Minnst 15 mín. fyrir próf.
- Próftaki má hafa með sér gögn og verkfæri sem eru gefin upp í upplýsingabréfi.
- Þurfi próftaki að yfirgefa prófsvæðið á meðan próf stendur yfir skal það gert í samráði við prófdómara.
- Ef próftaki mætir 15 mín. of seint í próf getur hann átt á hættu að vera vísað frá prófi.
- Ef um veikindi er að ræða í verklegu prófi verður viðkomandi sveinsprófstaki að bíða þar til næsta próf verður í boði. Sjúkrapróf er í boði fyrir skriflegt próf þrem dögum eftir auglýst próf.
- Ef staðfesting liggur fyrir frá viðkomandi framhaldsskóla um námsörðugleika fær sveinsprófstaki viðbótartíma. Hámark 30 mín. með undantekningum.
- Ef próftaki er haldinn ákveðnum prófkvíða skal hafa samband við náms- og starfsráðgjafa hjá Iðunni fræðslusetri við skráningu í sveinspróf.

Þessar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar.